

Sp. 128. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á leiðinni um Holtamannafrétt og Sprengisand.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, að láta fram fara athugun á því, hvort tiltækilegt er að gera færa bifreiðum yfir sumarmánuðina leiðina frá Galtalæk í Landsveit um Holtamannafrétt og Sprengisand að Mýri í Bárðardal. Skal leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi niðurstöðu þeirrar athugunar.

Greinargerð.

Leiðin milli Suður- og Norðurlands um Holtamannafrétt og Sprengisand er kunn mörgum ferðamönnum. Það er skoðun þeirra, sem leiðina þekkja, að ekki þurfi að lagfæra hana mikið til þess, að hún verði fær fyrir bifreiðar yfir sumar- tímenn. Viðast á leiðinni eru sléttir og harðir sandar, sem bifreiðar geta farið tálmannarlaust. Tungnaá er aðalhindrunin. Er óhjákvæmilegt að brúa hana. Brúarstæði þar er mjög gott, og nætti ætla, að gamla Þjórsárbrúin væri heppileg þar. Þjórsárbrúin mun verða rifin á árinu 1948. Sennilega er nauðsynlegt að brúa Fjórðungakvísl, enda þótt vatn í henni sé oftast lítið. Sú brú þarf tæplega að vera yfir 10 m á lengd og verður því ekki dýr. Það er óumdeilanlegt, að með því að opna þessa leið fyrir bifreiðum opnast möguleiki til sparnaðar í stórum stíl. Það mun láta nærri, að leiðin Reykjavík—Akureyri um Borgarfjörð sé 460 km, en leiðin Rvík—Ak. um Holtamannafrétt og Sprengisand ekki nema 340 km. Það er því ljóst, að þegar sú leið opnast fyrir bifreiðar, sparast tími fyrir ferðamenn, benzín og slit á farar-tækjum. Er því hér um beint hagsmunamál að ræða fyrir Þjóðarbúskapinn í heild. Það er einnig nokkurs virði, að fólk fær tækifæri til þess að kynnast óbyggðum landsins og njóta þeirra hollu áhrifa, sem margbrotin náttúran og kyrrð öræfanna befur á alla, sem þangað koma.

Það er skoðun flm. þessarar tillögu, að kostnaður við lagfæringu á þessari fjallaleið verði ekki mikill og að rétt sé að hefjast handa sem fyrst og gera leiðina færa bifreiðum.